






-  **Framúrskarandi.** Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til.
-  **Hæfni náð.** Nemandi nær færninni sem stefnt er að með fáar eða engar skekkjur.
-  **Á góðri leið.** Nemandi er á góðri leið með að ná markmiðunum en verkefni ekki fullnægjandi.
-  **Þarfnast þjálfunar.** Nemandi hefur ekki fyllilega náð færninni sem stefnt er að. Lítil skilningur á viðfangsefninu.
-  **Hæfni ekki náð.** Nemandi sýnir ekki færni í viðfangsefninu sem liggur fyrir. Verkefnaskil ófullnægjandi.

Hæfniviðmið lotunnar:

Að nemandi geti:

- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. (Ísl)
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni. (Ísl)
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. (Ísl)
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. (Ísl)
- Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins. (Sam).
- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum. (Sam).
- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit. (UT)
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. (LYK)